Félag um innri endurskoðun

Starfsreglur stjórnar

1. gr.

Stjórn félagsins hefur með höndum skipulag á starfsemi félagsins í samræmi við markmið félagsins eins og þau koma fram í samþykktum þess. Hún hefur eftirlit með rekstri og bókhaldi félagsins og stuðlar að upplýsingagjöf og fræðslu til félagsmanna og annarra aðila.

Hún gerir tillögur til breytinga á samþykktum félagsins eftir því sem tilefni er til.

2. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir kjör hennar. Kjósa skal formann, gjaldkera og ritara úr röðum stjórnarmanna.

3. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Stjórnarfundi skal halda óski einn eða fleiri stjórnarmenn eftir því.

Formaður stjórnar skal boða til stjórnarfunda. Halda skal fundargerðir um það, sem gerist á fundum stjórnar og skrá í hana allar samþykktir stjórnarinnar. Fundargerðir skulu vera númeraðar og skulu allir stjórnarmenn sem fund sitja undirrita fundargerðina.

Formaður gerir starfsáætlun og leggur fyrir stjórn.

4. gr.

Til þess að stjórnarsamþykkt sé lögleg, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Til að skuldbinda félagið þarf samþykki þriggja stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórn skal reglulega taka stefnu félagsins til endurskoðunar og kynna fyrir félagsmönnum. Stefnan skal eftir því sem við á samræmd stefnumiðum alþjóðasamtaka innri endurskoðenda.

6. gr.

Stjórn skal gæta að upplysingaöryggi félagsins og vörslu mikilvægra gagna, sem og ákvæðum persónuverndarlaga. Setja skal sérstakar viðmiðunarreglur sem fara ber eftir í starfsemi félagsins hvað þessa málaflokka varðar.

7. gr.

Boða skal til fundar með formönnum fastanefnda félagsins og umsjónarmönnum faghópa í upphafi starfsárs og eigi síðar en í september ár hvert þar sem lagðar eru línur um starfsemi nefnda og hópa og erindisbréf þeirra staðfest.

Stjórn skal gæta þess að hafa virk samskipti við nefndirnar til að tryggja virkni og samhæfingu í starfsemi félagsins og sjá til þess að viðburðardagatali sé viðhaldið fyrir starfsárið.

Félag um innri endurskoðun

8. gr .

Stjórn skal gæta að skyldum félagsins samkvæmt samningum sem gerðir hafa verið við alþjóðasamtök innri endurskodenda (IIA), en skortur á fylgni við ákvæði samningsins og viðauka við hann geta haft neikvæð áhrif a stöðu Félags um innri endurskoðun sem aðildarfélags alþjóðasamtakanna.

Þá skal stjórn gæta að fylgni við ákvæði annarra samninga sem gerðir kunna að vera við ytri aðila.

Formaður stjórnar skal sjá til þess að á hverjum tíma sé fyrirliggjandi uppfært yfirlit yfir samninga sem gerðir hafa verið og helstu ákvæði sem fylgjast þarf með.

9. gr.

Stjórnarformaður er talsmaður félagsins út á við. Aðrir stjórnarmenn, nefndarmenn og almennir félagsmenn skulu ekki gefa til kynna með neinum hætti að þeir tjái sig fyrir hönd félagsins, nema þeim hafi sérstaklega verið falið af stjórn að koma fram fyrir hönd þess í tilteknu máli.

10. gr.

Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum fyrir félagið og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Stjórnarmanni er skylt að upplýsa ef mál er til meðferðar þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni félagsins. Stjórn sker úr um hvort stjórnarmaður skuli víkja sæti við meðferð máls vegna mögulegs vanhæfis en viðkomandi stjórnarmaður tekur ekki þátt í þeirri ákvörðun.

11 . gr.

Gjaldkeri leggur fram drög að ársreikningi eigi síðar en 1. apríl ár hvert sem lagður er fyrir aðalfund í maí. Kjörinn skoðunarmaður félagsins yfirfer ársreikninginn og áritar hann.

12. gr.

Formaður stjórnar ber ábyrgð á að starfsreglum þessum sé fylgt svo sem um ritun fundargerða og önnur atriði.

Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykkt þriggja stjórnarmanna.

Samþykkt á stjórnarfundi 27. janúar 2021